

Ég undirritaður mótmæli því harðlega að vegur verði lagður um Teigsskóg.

Í náttúruverndarlögum segir að náttúrufyrirbærum sé óheimilt að raska nema að nauðsyn krefji,

Tvisvar hefur vegurinn sem á að leggja yfir Teigsskóg farið fyrir umhverfismat og fallið í bæði skiptin þar sem eindregið hefur verið mælt gegn því að fara þá leið til að stytta aksturleið fólks á leið á syðri hluta Vestfjarða. Það er nefnilega alveg hægt að fara aðra leið, t.d. svokallaða "D-2" og eru flestir sammála um að hún sé besti kosturinn. Svo ég vitni í Ásdísi Hlökk skipulagsstjóra „Þá getum við ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að sú framkvæmd sem hefur minnst neikvæð áhrif á náttúrufyrirbæri – hún sé sú leið sem ber að velja," Allir sérfræðingar sem skoðað hafa málið eru sammála um að Þ-H leiðin um Teigsskóg sé af þeim kostum sem skoðaðir hafa verið sú sem veldur mestum umhverfisspjöllum og óafturkræfum, hún brýtur lög um náttúruvernd og raskar dýra- og lífríki til frambúðar en þarna búa fuglategundir í útrýmingarhættu eins og haförn og aðrar viðkvæmar tegundir.

Eftir því sem ég heyri meira frá fólki sem að málinu kemur, sem býr á svæðinu eða hefur unnið að því að meta það þá virðist þetta snúast um fjármagn og ekkert annað. Fyrir leikmann þá lítur út eins og Vegagerðin hafi haldið íbúum á sunnanverðum Vestfjöðrum í gíslingu með þetta mál í yfir 20 ár og gefið þeim þá úrslitakosti að þessi leið yrði valin eða enginn vegur verði lagður.

Karl Fannar Sævarsson